

## Fréttabréf lyfjadeildar



## Lyf til meðferðar við beinþynningu

Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja til meðferðar við beinþynningu\* nam 167 m. kr árið 2008. Mikill munur er á verði mismunandi lyfja við beinþynningu:

## Lyf við beinþynningu

Virkt innihaldsefni	Heiti lyfs	Skammtar	Verð á ári
Alendrónsýra	Alendronat Actavis, töflur	1 x í viku	32.268 kr.
	Alendronat Ranbaxy, töflur	1 x í viku	32.263 kr.
	Fosamax (D.A.C.), töflur	1 x í viku	33.780 kr.
	Fosamax (Lyfjaver), töflur	1 x í viku	89.977 kr.
	Fosamax, töflur	1 x í viku	89.981 kr.
Alendrónsýra og kólekalísiferól	Fosavance, töflur	1 x í viku	94.413 kr.
	Íbandrónsýra	Bonviva, stl.	3ja mánaða fresti
Bonviva, filmhtfl.		1 x í mánuði	86.780 kr.
Rísedrónsýra	Optinate, filmhtfl	1 x á dag	99.436 kr.
	Optinate Septimum (Lyfjaver)	1 x í viku	87.026 kr.
	Optinate Septimum, filmhtfl	1 x í viku	80.035 kr.
Zóledrónsýra	Aclasta, írl.	1 x á ári	105.368 kr.
Strontium ranelat	Protelos, mixt.kyr.	1 x á dag	134.420 kr.

Alendrónsýra 70 mg einu sinni í viku er ráðlagt sem fyrsta val í meðferð við beinþynningu. Erlendar hagkvæmniúttektir mæla með alendrónsýru vikulega sem bestum kosti til að hámarka ávinning (lífsgæðaár) að teknu tilliti til kostnaðar\*\*.

Þrátt fyrir það eru mun fleiri einstaklingar á Íslandi á öðrum lyfjum til meðferðar við beinþynningu. Um 1.300 einstaklingar eru á alendrónsýru lyfjum á meðan um 1.900 einstaklingar eru á öðrum lyfjum í þessum flokki. Nokkur alendrónsýrulyf eru á markaði á Íslandi sem gefin eru einu sinni í viku. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við ódýrasta lyfið sem er Alendronat Ranbaxy samkvæmt lyfjaverðskrá í september 2009.




Hagræðing við að nota lyf einu sinni í mánuði eða einu sinni á ári er óveruleg og má t.d. benda á að bæði kalk og D-vítamín, sem eru oft nauðsynleg viðbótarméðferð, eru yfirleitt gefin daglega. Fosavance sem inniheldur 70 mg af alendrónsýru og 2800 a.e. D-vítamín er ekki ráðlagt vegna mikils verðmunar miðað við að gefa alendrónsýru vikulega og aukalega D-vítamín daglega.

Í samanburði við notkun þessara lyfja hér á landi, í Noregi og Danmörku, kemur í ljós að Norðmenn nota alendrónsýru í um 96% tilvika, Danir í 89% tilvika en Íslendingar í um 50% tilvika.

\*Lyf í ATC flokki M05B Lyf, sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun (mineralization).

\*\*National Institute for Clinical Excellence (NICE). NICE technology appraisal. TA161 Osteoporosis - secondary prevention including strontium ranelate. Oct 2008. <http://www.nice.org.uk/Guidance/TA161>  
National Institute for Clinical Excellence (NICE). NICE technology appraisal. TA160. Osteoporosis - primary prevention. Oct 2008. <http://www.nice.org.uk/Guidance/TA160>  
Lothian Joint Formulary. Adult Formulary Update: January 2009. 6.6 Drugs affecting bone metabolism. Sótt 20 ágúst 2009 á vef [http://www.ljf.scot.nhs.uk/exist/xml/db/db/ljf\\_v2/unified/unified6\\_6.xml](http://www.ljf.scot.nhs.uk/exist/xml/db/db/ljf_v2/unified/unified6_6.xml)  
NPS Prescribing Practice Review 39: Preventing osteoporosis and reducing fracture risk. 01/09/2007 [http://www.nps.org.au/health\\_professionals/publications/prescribing\\_practice\\_review/current/preventing\\_osteoporosis\\_and\\_reducing\\_fracture\\_risk](http://www.nps.org.au/health_professionals/publications/prescribing_practice_review/current/preventing_osteoporosis_and_reducing_fracture_risk)

Hlutfall af heildarnotkun algengustu lyfja við beinþynningu á Íslandi, í Noregi og Danmörku 2008, mælt í DDD\*\*\*



Ef notkun lyfja við beinþynningu væri með svipuðum hætti og t.d. í Noregi væri hægt að lækka lyfjakostnað sjúkratrygginga um 100 milljónir kr. á ársgrundvelli.

CKS. Osteoporosis — treatment and prevention of fragility fractures (Topic Review). Clinical Knowledge Summaries Service. Sótt 14 september á vef (innskráning nauðsynleg): [www.cks.library.nhs.uk/osteoporosis\\_treatment](http://www.cks.library.nhs.uk/osteoporosis_treatment)  
Wells G, et al. Bisphosphonates for the primary and secondary prevention of osteoporotic fractures in postmenopausal women: a meta-analysis (Technology report no 69). Ottawa: Canadian Agency for Drugs and Technologies in Health, 2006. Sótt 23 ágúst á vef: [http://www.cadth.ca/media/pdf/371\\_Bisphosphonates\\_tr\\_e\\_NoAppendix.pdf](http://www.cadth.ca/media/pdf/371_Bisphosphonates_tr_e_NoAppendix.pdf)  
<http://www.janusinfo.se/klokalistan/external/baselist.asp?action=SEARCH&gID=3125>  
[http://www.irf.dk/dk/rekommandationsliste/baggrundsnotater/muskler\\_led\\_og\\_knogler/m05\\_midler\\_mod\\_knoglesygdomme.htm](http://www.irf.dk/dk/rekommandationsliste/baggrundsnotater/muskler_led_og_knogler/m05_midler_mod_knoglesygdomme.htm)

\*\*\*<http://www.reseptregisteret.no/>  
<http://www.medstat.dk/MedStatDataViewer.php>